

Lög

um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007 (hálfur lífeyrir).

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 17. gr. laganna:

- a. Í stað tilvísunarinnar „2. mgr.“ í 1. másl. 2. mgr. kemur: 3. mgr.
- b. Í stað tilvísunarinnar „3. mgr.“ í 3. mgr. kemur: 4. mgr.
- c. Við 3. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Heimild þessi er bundin því skilyrði að samþykkt hafi verið umsókn um greiðslu lífeyris samkvæmt áunnum réttindum hjá öllum skyldubundnum atvinnutengdum lífeyrissjóðum.
- d. Við 4. mgr. bætast tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Skilyrði um samþykki viðkomandi sjóða á þó einungis við um þá lífeyrissjóði sem heimila greiðslu lífeyris að hluta. Heimild þessi er enn fremur bundin því skilyrði að umsækjandi sé enn á vinnumarkaði en þó ekki í meira en hálfu starfi.
- e. 5. mgr. fellur brott.
- f. Í stað tilvísunarinnar „1.–5. mgr.“ í 6. mgr. kemur: 1.–4. mgr.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 23. gr. laganna:

- a. 1. mgr. orðast svo:
Fullur ellilífeyrir skal vera 3.081.468 kr. á ári. Ellilífeyri skal lækka um 45% af tekjum lífeyrisþegans, sbr. 16. gr., uns lífeyririnn fellur niður. Ellilífeyrisþegi skal hafa 300.000 kr. almennt frítekjumark við útreikning ellilífeyris. Þá skal ellilífeyrisþegi hafa 1.200.000 kr. sérstakt frítekjumark vegna atvinnutekna.
- b. Á eftir 1. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:
Hálfur ellilífeyrir skal vera 1.540.734 kr. á ári. Fjárhæð hálf lífeyris skal lækka um 45% af tekjum lífeyrisþegans, sbr. 16. gr., uns lífeyririnn fellur niður. Lífeyrisþegi skal hafa 3.900.000 kr. almennt frítekjumark við útreikning hálf lífeyris.
- c. Í stað tilvísunarinnar „3. mgr.“ í 4. mgr. kemur: 4. mgr.
- d. Í stað tilvísunarinnar „2. mgr.“ í 4. mgr. kemur: 3. mgr.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 2020. Við gildistöku laga þessara kemur í stað orðanna „1. mgr. 23. gr. sömu laga“ í 2. mgr. 8. gr. laga um félagslega aðstoð, nr. 99/2007: 1. og 2. mgr. 23. gr. sömu laga.

Samþykkt á Alþingi 26. júní 2020.